

132. löggjafarþing 2005-2006.

Þskj. 661 – 440. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um málefni listmeðferðarfræðinga.
Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Munnlegt svar

Hæstvirtur forseti.

Háttvirtur 8. þingmaður Reykjavík norður Kolbrún Halldórsdóttir beindi til mín fyrirspurn um það annars vegar hvenær vænta megi þess að endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir ljúki og hinsvegar hvers sé að vænta varðandi löggildingu listmeðferðarfræðinga, viðurkenningu náms þeirra eða leyfi til að nota heiti starfstéttarinnar.

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskoðun ýmissa laga um heilbrigðisstéttir bæði að nýrri heildarlöggjöf um þær svo og endurskoðun og lagfæringar á þeim lögum og reglugerðum um einstakar stéttir og brýnt hefur þótt að lagfæra. Má sem dæmi nefna breytingu á lögum um sjóntækjafræðinga og lífeindafræðinga. Einnig er væntanlegt frumvarp til laga um sálfræðinga en lögin um þá eru komin til ára sinna og mikilvægt þykir að endurskoða þau. Vinna við frumvarp til heildarlaga um heilbrigðisstéttir hefur ekki þótt eins brýnt og því orðið að víkja fyrir annarri lagasmíð um einstakar stéttir auk þess sem sú vinna hefur tafist vegna umfangsmikillar vinnu við frumvörp til laga um heilbrigðisþjónustu og frumvarp til laga um landlækni.

Hvað varðar löggildingu listmeðferðarfræðinga þá vil ég taka fram að verulega hefur dregið úr löggildingu nýrra stétta með laga og reglugerðarsetningu. Ástæðan er sú að löggilding nýrrar stéttar er í raun einkaréttur þess hóps á starfssviði og starfsheiti. Það getur því takmarkað rétt annarra til að starfa innan þess sviðs sem hefur verið löggilt. Vegna þessa geta orðið árekstrar milli stétta sem hafa líkt starfsvið eða að starfsvið skarast.

Innan heilbrigðisþjónustunnar er list og listsköpun notuð sem hluti af meðferð bæði af listmeðferðarfræðingum og öðrum sem ekki hafa hlotið menntun sem listmeðferðarfræðingar. Námslistmeðferðarfræðinga er því viðurkennt þótt það sé ekki sérstök formleg viðurkenning og listmeðferðarfræðingar geta notað heiti starfstéttarinnar þótt þeir hafi ekki einkarétt á því. Ég vil að lokum taka fram að ekki verður efast um að störf listmeðferðarfræðinga á heilbrigðisstofnunum eru mikilvæg enda starfa þeir innan heilbrigðisþjónustunnar bæði á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimili fyrir langveik börn, hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og geðdeildum og öðrum meðferðarstofnunum ásamt öðrum t.d. iðjuþjálfum og myndlistarmönnum sem nota listsköpun sem meðferð þótt ekki flokkist það sem listmeðferð með sama hætti og listmeðferðarfræðingar sinna

Virðulegi forseti

Það er stefna ráðuneytisins að í framtíðinni verði ákvörðun um löggildingu nýrra heilbrigðisstéttar einkum byggð á því að löggilding sé nauðsynleg með tilliti til öryggis sjúklinga fremur en hagsmunum starfstéttar.

(Talað orð gildir)